

Dags eftirlits	10.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en ein ábending var settar fram er varðar að bæta þarf inn lið í þjálfunarblað starfsmanna er varðar yfirferð viðbragðsáætlana og viðbrögð við mengunarslysum.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila við Hólmaslóð í Örfirisey, Reykjavík. Heimilt er að geyma í stærsta geymi allt að 9.000 m³ af olíu og 9.000 m³ af bensíni í stærsta bensíngeymi. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. 14 geymar eru í stöðinni og allir í notkun fyrir utan einn geymir, merktur 030-B209.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 3. kafla. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engin ábending var sett fram. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Allar lagnir utan mengunarvarnarþróar voru þrýstiprófaðar árið 2018 og eru í lagi. Rekstraraðili sinnir þeim mælingum fyrir báða rekstraraðila á svæðinu. Minnt er á að gera skal þrýstiprófun aftur á lögnum utan þróar, eigi síðar en árið 2023 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Allir geymarnir hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum, fyrir utan geymi merktur 030-B209. Hann stendur tómur og ekki er fyrirhugað að hann fari aftur í notkun á næstunni. Bent er á að óheimilt er að taka geyminn aftur til notkunar fyrr en búið er að þykktarmæla hann og notkun hans verið heimiluð af eftirlitsaðila. Næstu þykktarmælingar á geymum skal gera árið 2026 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi, á alls 5 geymum.

Fimm olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir að meðaltali á 3ja mánaða fresti. Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi og eru þær skoðaðar, yfirfarnar og þrifnar eftir þörfum. Allar skiljur verða hreinsaðar nú í haust en síðast voru þær hreinsaðar í október sl. og sá Hreinsitækni ehf. um þá hreinsun. Mælingu á olíu í fráveitu skiljanna skal gera árlega skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og er minnt á þá mælingu nú í ár.

Gufuendurnýtingarbúnaður (VRU) var síðast yfirfarin daganna 7. og 8. desember sl. af verktakanum Luveba s.a. og voru mælingar á losun bensíngufa skv. kröfum í reglugerð nr. 252/1999 framkvæmdar um leið. Mæling sýndi meðaltalsgildi klukkutíma mælingar 0 g/Nm³ en mörk starfsleyfisins eru 35 g/Nm³.

Skráningar í stöðinni eru gerðar að mestu leyti inn í rafræna rekstrarhandbók inni í CCQ gagnagrunni sem aðgengilegur er öllum starfsmönnum bæði í tölvu og síma, fyrir allar stöðvar rekstraraðila. Daglegar skráningar eru þó einnig gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Farið var yfir þær skráningar í eftirlitinu og engin ábending gerð þar um. Almennt viðhald er skráð sem og eftirlit og bilanir á mengunarvarnarbúnaði.

Ísogsefni eru til staðar í stöðinni og aðgengilegar þeim starfsmönnum sem gætu á þurft að halda. Spilliefnum sem falla til við reksturinn s.s. olfublautar tuskur, er skilað inn til Terra.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar að bæta þarf inn lið í þjálfunarblað starfsmanna er varðar yfirferð viðbragðsáætlana og viðbrögð við mengunarslysum.

ANNAÐ


Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, sem og verklagsreglur um löndun olíu eru til staðar í stöðvarhúsi og á sameiginlegu drifi rekstraraðila.

Reykjavík, 28.07.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Arnadóttir